

96  
25. júní

Hlið .....	2 hundraðshlutar
Gvendarstaðir .....	18 —

Alls 100 hundraðshlutar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.*

F. h. r.

**Vígfús Einarsson.***Páll Pálmason.*97  
26. júní**S A M Þ Y K K T**

**um forkaupsrétt Seyðisfjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt.

Seyðisfjarðarkaupstaður áskilur sér forkaupsrétt á svo nefndri Wathneseign á Seyðisfirði

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1942 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1942.*

F. h. r.

**Vígfús Einarsson.***Páll Pálmason.*98  
29. júní**A U G L Ý S I N G**

**um breyting á samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík, nr. 58  
5. júní 1937.**

Í 1. mgr. 2. gr. í stað orðanna „kl. 7 síðdegis“ komi: kl. 6½ síðdegis, og í stað orðanna „kl. 8½ árdegis“ í sömu mgr. komi: kl. 9 árdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1942.*

F. h. r.

**Vígfús Einarsson.***Páll Pálmason.*